

Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Neskaupstaðar heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

### 3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta sem veitt er í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

### 4. Ákvæði til bráðabirgða.

- 4.1. Byggingu fitugildru á frárennsli skv. gr. 2.14. skal lokið innan þriggja mánaða frá útgáfu þessa starfsleyfis.
- 4.2. Ákvörðun og áætlanir um lofthreinsibúnað og fjárhagsáætlun vegna þeirra framkvæmda skulu liggja fyrir 1. janúar 1987.
- 4.3. Lofthreinsibúnaður skal taka til starfa innan tveggja ára frá útgáfu þessa starfsleyfis.
- 4.4. Bundið slitlag skal lagt umhverfis verksmiðjuna fyrir 1. júní 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. júní 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Dynjandi og aðra fossa í Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog.

Mörk náttúruvættisins eru: Frá odda Meðalness upp í fjallseggjar og með fjallsbrúnum umhverfis voginn og Dynjandisdal allt að mörkum jarðarinnar Dynjandi í Urðarhlíð og með þeim til sjávar í Deild. Þaðan með sjávarströnd að Meðalnesi.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Í friðuninni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Náttúruverndarráð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Stefnt skal að verndun kjarrendis á hinu friðlýsta svæði. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um gróðurvernd þar.
4. Umferð um hið friðlýsta svæði er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt. Akstur er óheimill utan vegar. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

**Endurprentað blað.**

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 245/1981 um friðlýsingu Fjallfoss og annarra fossa í Dynjandi í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra í Dynjandisvoggi.

*Menntamálaráðuneytið, 23. júní 1986.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

